

## Minnisblað

Móttakandi: Stjórn sambandsins Dags.: 22.03.2010

Sendandi: Anna G. Björnsdóttir Málsnr.: 0904135SA  
Málalýkill: 084

**Efni: Úttekt sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á stöðu íslenska sveitarstjórnarstigsins gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og í ljósi efnahagshrunsins.**

Eitt af verkefnum sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins er að gefa ráðherra nefnd ráðsins reglulegar skýrslur um stöðu sveitarstjórnarstigsins í aðildarríkjum, sérstaklega með tilliti til Evrópusáttmálans um sjálfstjórn sveitarfélaga sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1991.

Stjórnskipunarnefnd<sup>1</sup> þingsins ákvað í fyrra að láta fara fram úttekt á íslenska sveitarstjórnarstiginu þar sem Ísland er eitt fárra landa sem aldrei hefur verið tekið út með þessum hætti og með hliðsjón af þeirri stöðu sem landið er í vegna efnahagshrunsins. Esther Maurer, borgarfulltrúi í Zürich, var fengin til að vera flutningsmaður málsins<sup>2</sup>. Hún sótti Ísland heim í júní sl., ásamt ritara nefndarinnar, Stéphanie Poirel, og Prófessor Francesco Merloni, sem er forseti óháðrar sérfræðinganefndar um Evrópusáttmálann. Þau hittu fulltrúa sveitarfélaga<sup>3</sup>, ráðherra sveitarstjórnarmála, samgöngunefnd Alþingis og forseta stjórn málafræðideildar HÍ. Á grundvelli úttektar þeirra samþykkti stjórnskipunarnefndin drög að ábendingum til ráðherra nefndarinnar og íslenskra stjórnvalda, ásamt skýringum<sup>4</sup>. Drögin voru samþykkt samhljóða á sveitarstjórnarþinginu sem haldið var 17.-19. mars sl.

Í megindráttum er niðurstaðan sú að íslensk löggjöf sé í samræmi við Evrópusáttmálann og að íslensk sveitarfélög séu að bregðast með markvissum hætti við þeim úrlausnarefnum sem kreppan hefur skapað. Í skýrslunni er m.a.s. tekið fram að löggjöf og viðbrögð geti verið til fyrirmyndar fyrir önnur lönd<sup>5</sup>. Þótt skýrslan sé í meginatriðum jákvæð er mælt með því að ráðherra nefnd Evrópuráðsins beini nokkrum ábendingum til íslenskra stjórnvalda<sup>6</sup>. Ábendingarnar snúast flestar um að þörf sé á að kveða nánar, og með skýrari hætti, á um nokkur tiltekin atriði í sveitarstjórnarlögum. Þær koma því á réttum tíma fyrir

---

<sup>1</sup> Institutional Committee

<sup>2</sup> Rapporteur

<sup>3</sup> Formann sambandsins og starfsmenn, borgarstjóra, sveitarstjóra Borgarbyggðar og bæjarstjóra Árborgar og Ölfuss.

<sup>4</sup> Draft recommendation og explanatory memorandum, sjá [http://www.samband.is/files/Local%20democracy%20in%20Iceland%20\\_2\\_\\_623940591.pdf](http://www.samband.is/files/Local%20democracy%20in%20Iceland%20_2__623940591.pdf)

<sup>5</sup> B45

<sup>6</sup> A5

nefnd sem er að endurskoða sveitarstjórnarlögin og mun nefndin þegar hafa fjallað um nokkur af þessum atriðum. Nánar lúta ábendingarnar að því að:

- a. tryggja betur lagagrundvöll nálægðarreglunnar<sup>7</sup> þannig að það liggi skýrar fyrir hvaða verkefnum sveitarfélög eigi að sinna eða eftir hvaða sjónarmiðum eigi að fara við verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og hvernig meta eigi að nálægðarreglan sé virt .
- b. skoða hvort veita eigi Reykjavík sem höfuðborg sérstaka lagastöðu og viðurkenna að borgin gegni sérstökum verkefnum sem höfuðborg og beri af því kostnað umfram önnur sveitarfélög<sup>8</sup>. Í því sambandi er vísað til ábendinga þingsins til ráðherranefndarinnar um stöðu höfuðborga<sup>9</sup>. Í skýringum er einnig fjallað um að ástæða geti verið til að skoða mismunandi flokka sveitarfélaga eftir stærð, m.a. með tilliti til verkefna, ef sameiningar skili ekki nægilega stórum sveitarfélagaeiningum<sup>10</sup>.
- c. innleiða Evrópusáttmálann um sjálfstjórn sveitarfélaga með beinum hætti með sérstökum lögum<sup>11</sup>.
- d. skýra betur í lögum við hvaða aðstæður ráðherra sveitarstjórnarmála getur beitt eftirlitsvaldi sínu og málsmeðferð við þær kringumstæður<sup>12</sup>. Reyndar er tekið fram í skýringum<sup>13</sup> að Ísland standi öðrum löndum framar hvað varðar sjálfstæði sveitarfélaga að því leyti að lög kveði ekki á um almennt og reglubundið eftirlit með athöfnum þeirra.
- e. skýra betur við hvaða aðstæður ríkisvaldinu er skylt að hafa samráð við sveitarfélög, hvenær því er skylt að fara eftir umsögn sveitarfélaga og hvernig málsmeðferð skuli háttáð. Þrátt fyrir þetta er tekið fram að ákvæði íslensku sveitarstjórnarlaganna um samráðsskyldur ríkisins<sup>14</sup> séu ekki aðeins í samræmi við Evrópusáttmálann heldur sé ástæða til að benda á þau sem fyrirmynd.
- f. hækka lágmarksíbúafjölda fyrir lögþvingaðar sameiningar og setja viðmið sem stuðli að því að við sameiningar verði til sveitarfélög sem séu landfræðilega og fjárhagslega starfhæfar einingar, um leið og þess sé gætt eins og kostur er að virða vitund íbúanna um sitt sveitarfélag<sup>15</sup>.
- g. setja á laggirnar stuðningssjóð fyrir sveitarfélög, sem hafa orðið verst fyrir barðinu á efnahagshruninu, svo þau geti haldið áfram að veita nauðsynlega félagslega þjónustu.

---

<sup>7</sup> sjá nánar B11

<sup>8</sup> sjá nánar B50-55

<sup>9</sup> 219(2007),

<https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1132951&Site=Congress&BackColorInternet=e0cee1&BackColorIntranet=e0cee1&BackColorLogged=FFC679>

<sup>10</sup> sjá nánar B57-59

<sup>11</sup> sjá nánar B19-22

<sup>12</sup> sbr. 102. gr. svstjl., sjá nánar B60-65

<sup>13</sup> B60

<sup>14</sup> sbr. 100. og 101. gr. svstjl., sjá nánar B66-70

<sup>15</sup> sjá nánar B34-35

- h. veita sveitarfélögum sérstaka lagaheimild til að skjóta ákvörðunum ríkisvaldsins til dómstóla sem þau telja fela í sér brot á sjálfstjórnarrétti þeirra skv. Evrópusáttmálanum<sup>16</sup>.

AGB

---

<sup>16</sup> sjá nánar B74-79